

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1708/2005

2015/EES/55/38

frá 19. október 2005

um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs ⁽¹⁾, einkum 3. lið 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af álit Seðlabanka Evrópu ⁽²⁾ eins og krafist er skv. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samræmdar vísitölur neysluverðs (HICP) eru samræmdar verðbólgaútlur sem framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu þurfa til að geta sinnt starfsskyldum sínum skv. 121. gr. EB-sáttmálans. Samræmdar vísitölur neysluverðs eru hannaðar til að auðvelda alþjóðlegan samanburð á neysluverðshækkun. Þær eru mikilvægir vísar við stjórnun peningamálastefnu.
- 2) Ráðstafanir I. áfanga, undir a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95, sem eru nauðsynlegar til að ná samanburðarhæfum vísitölum neysluverðs, fela í sér bráðabirgðagerð vísitöluraðar.
- 3) Samræmdar vísitölur neysluverðs í II. áfanga, undir b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95, hefjast með vísitölnni fyrir janúar 1997, og er árið 1996 þá sameiginlega vísitölutímabilið.
- 4) Reglugerð (EB) nr. 2494/95 kemur þó ekki í veg fyrir uppfærslu samræmdra vísitalna neysluverðs yfir í annað sameiginlegt vísitölutímabil.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 7.9.2006, s. 35.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1. Reglugerðin, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Álit var skilað 4. október 2005 (Stjtið. ESB C 254, 14.10.2005).

5) Í kjölfar inngöngu tíu nýrra aðildarríkja árið 2004 vísa sumar undirvísitölur samræmdrar vísitölu neysluverðs, sem stjórnað er af kerfi flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi og aðlagð er þörfum samræmdra vísitalna neysluverðs, eins og sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs ⁽³⁾, til mismunandi vísitölutímabila, þó ættu samræmdar vísitölur neysluverðs að vera unnar á grunni sameiginlegra vísitölutímabila til að tryggja samanburðarhæfi í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

6) Uppfærsla á sameiginlega vísitölutímabilinu ætti að auka mikilvægi samræmdra vísitalna neysluverðs í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

7) Það teljast góðar starfsvenjur að uppfæra vísitölutímabilið vegna verðvísitölu ef umtalsverðar endurskoðanir á vísitölnum eiga sér stað, hvort sem það varðar þætti, landfræðilegt umfang eða hvort tveggja.

8) Nauðsynlegt er að setja reglur fyrir sameiginleg vísitölutímabil fyrir undirvísitölur flokkunar vegna einkaneyslu eftir tilgangi, aðlöguðu í samræmi við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs, sem eru felldar inn í samræmda vísitölu neysluverðs á mismunandi tímum, til að tryggja að samræmdar vísitölur neysluverðs uppfylli samanburðarhæfi og viðeigandi kröfur 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

9) Í þessu samhengi er nauðsynlegt að skýra og samræma hugtök til að stýra góðum starfsvenjum fyrir viðmiðunartímabil samræmdra vísitalna neysluverðs. Því er nauðsynlegt að breyta frekar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96 frá 20. nóvember 1996 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs ⁽⁴⁾

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽⁵⁾ —

⁽³⁾ Stjtið. EB L 229, 10. 9.1996, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1749/1999 (Stjtið. EB L 214, 13.8.1999, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1920/2001 (Stjtið. EB L 261, 29.9.2001, bls. 46).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmið þessarar reglugerðar er að koma á sameiginlegum reglum til að ákvarða tiltekin vísitölutímabil til að tryggja að samræmdar vísitölur neysluverðs séu samanburðarhæfar og viðeigandi.

2. gr.

Skilgreiningar

Þrjú almenn tilvísana- eða grunntímabil, sem hægt er velja óháð hvert öðru, skal nota við gerð samræmdra vísitalna neysluverðs, nánar tiltekið:

- „vægisviðmiðunartímabil“: eins og það er skilgreint í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2454/97 ⁽⁶⁾.
- „verðviðmiðunartímabil“: tímabilið þegar mældar eru breytingar á gangverði og verðin eru notuð sem nefnari í útreikningum á vísitölu, það vísar til verða sem notuð eru í vægi í samræmdum vísitölum neysluverðs.
- „vísitölutímabil“: tímabilið þegar vísitalan er fastákveðin í 100 vísitölustigum.

3. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

- Sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs skal vera fastákveðið í 2005 = 100.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. október 2005.

2. Breyta skal heildar tímaröðum heildarvísitalna og undirvísitalna yfir á annað sameiginlegt vísitölutímabil ef það telst viðeigandi. Við uppfærslu skal breyta öllum heildar tímaröðum heildarvísitalna og undirvísitalna yfir á sameiginlegt vísitölutímabil. Breytingin yfir á nýtt vísitölutímabil skal taka gildi með vísitölnunni fyrir janúar á næsta almanaksári.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) getur uppfært vísitölutímabilið eftir samráð við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót með tilskipun 89/382/EBE, KBE.

4. Allar viðbótar undirvísitölur flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, sem aðlaga skal í samræmi við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs, skal í desember tengd á þrepi 100 vísitölustiga og taka gildi með vísitölnunni fyrir næstkomandi janúarmánuð.

4. gr.

Breyting

Í stað 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2214/96 komi eftirfarandi:

„4. gr.

Dreifing undirvísitalna

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal dreifa undirvísitölum samræmdar vísitölu neysluverðs fyrir þá flokka sem tilgreindir eru í I. viðauka við þessa reglugerð á grundvelli sameiginlega vísitölutímabilsins.“

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 340, 11.12.1997, bls. 24.